

umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra aðstæðna. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal fara fram a. m. k. árstjórnungslega.

7. gr.

Greiðslur úr sjóðnum má aðeins inna af hendi þegar tveir stjórnarmenn, hvor frá sínum aðila hafa samþykkt þær með áritun sinni, t. d. á umsóknir eða reikninga.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um störf þau sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

9. gr.

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send fjármálaráðherra annars vegar og stjórn BK hins vegar.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi ríkisins og Bandalags kennarafélaga öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. júlí 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir Jónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 64 5. febrúar 1974 með síðari breytingum.

1. gr.

33. gr. samþykktarinnar orðist svo:

„Bæjarritari hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarsjóðs og er ritari bæjarstjórnar og bæjarráðs. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Fjármálastjóri fer með daglega stjórn fjármála bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Bæjarlögmaður fer með þau lögræðilegu málefni sem snerta bæjarsjóð og bæjarfyrirtæki og honum eru falin af bæjarstjóra samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júlí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.